

## Inngangur

Þessar leiðbeiningar eiga við um almennar eftirlitsheimsóknir. Þegar um er að ræða alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm skulu viðhafðar auknar varúðarráðstafanir, sem byggjast á eðli sjúkdómsins. Auk þessara leiðbeininga er mikilvægt að nota heilbrigða skynsemi og faglegt mat í hverju tilviki fyrir sig. Einkenni sjúkdóma eru ekki alltaf augljós, sér í lagi á frumstigi, og því er alltaf hættu á að bera smit út af búi þótt allt virðist vera í lagi. Þeir sem hafa verið á búum erlendis ættu ekki að fara inn á bú hér á landi fyrr en að 48 klukkustundum liðnum og ef um svínabú hefur verið að ræða skal fylgja sérstökum leiðbeiningum til varnar mósa smiti.

## Fyrir heimsókn

- Skipulagning heimsóknar
  - Kannið sjúkdómasögu og sjúkdómastöðu búsins í Heilsu, þegar það á við, og athugið hvort búin sem á að heimsækja séu á garnaveikibæjarlista.
  - Ef farið er á fleiri en eitt bú sama dag skal skipuleggja röð heimsókna m.t.t. eftirfarandi:
    - Smitsjúkdómastöðu. Farið síðast á bú þar sem vitað er að einhvers konar smitsjúkdómur hafi verið eða sé til staðar.
    - Eðli heimsóknar. Farið síðast í eftirlitsheimsókn sem kallar á nána snertingu við dýrin, t.d. vegna sýnatöku.
- Búnaður
  - Takið til eftirfarandi búnað:
    - Hreinan hlífðarfatnað
    - Hrein stígvél
    - Einnota hlífðarfatnað
    - Einnota skó- eða stígvélahlífar
    - Einnota hanska
    - Sápu, sótthreinsiefni og bursta fyrir hendur.
    - Hreingernalög, sótthreinsiefni og bursta fyrir stígvél og búnað
    - Bala
    - Vatnsbrúsa
    - Ruslapoka
    - Úðara og sótthreinsiefni til að nota á bíldekk, hjólaskálar og aðra hluta bílsins eftir þörfum
- Bifreið
  - Skilgreinið hreint og óhreint svæði í bílnum, t.d. getur aftursæti verið hreint svæði og farangursrýmið óhreint.
  - Sjáið til þess að bíllinn sé alltaf svo hreinn að innan og utan sem kostur er.
- Tæki
  - Þrífið og sótthreinsið raftæki
    - Allir snertiskjáiir eiga að vera með hlífðarfilmu.
    - Takið raftækin úr hulstri eða tösku.

- Þurrkið öll sjáanleg óhreinindi af hulstri, tösku og raftækjum með mjúkum klút og strjúkið svo yfir þau með bómullarhnoðra sem vættur er í sóttþreinsispritti. Athugið að sóttþreinsispritt eða önnur efni má ekki nota beint á snertiskjái en það má hreinsa hlífðarfilmuna á þennan hátt. Ef snertiskjár er ekki með hlífðarfilmu skal strjúka af honum með örlítið rökum klúti.

## Við heimsókn

- Skipulagning heimsóknar
  - Spyrið um heilbrigðisástand áður en farið er inn á bóúð
    - Farið sérstaklega gætilega og verið vakandi fyrir einkennum alvarlegra smitsjúkdóma ef upplýsingarnar gefa til kynna að dýrin á bóúnu geti hugsanlega verið haldin smitsjúkdómi.
  - Kynnið ykkur smitvarnareglur búsin og fylgið þeim.
  - Kynnið ykkur húsaskipan og takið ákvörðun á grundvelli hennar, í hvaða röð þið skoðið húsin, út frá smithættu (farið síðast um rými þar sem mest hætta er á að sýkt dýr séu).
- Bifreið
  - Ef farið er á bíl inn á hlað skal honum lagt á svæði sem búfé hefur ekki aðgengi að og er án sjáanlegs búfjárskíts, á stað með steypu eða malbikuðu undirlagi ef það er í boði.
  - Ef smitvarnareglur búsin gera ráð fyrir að bílar fari ekki inn fyrir hlið án þrifa og sóttþreinsunar skal bílnum lagt utan við og samband haft við bústjóra.
  - Ef ástæða þykir til skulu hljólaskálar og dekk bílsins þriffin og sóttþreinsuð áður en farið er af bóúnu og aðrir hlutar hans eftir þörfum, sér í lagi skal hafa í huga fótstig og mottur.
- Fatnaður
  - Notið hlífðarfatnað búsin ef hann er til staðar. Að öðrum kosti skal nota hreinan hlífðarfatnað eða einnota fatnað.
  - Ef notuð hafa verið eigin stígvél skulu öll óhreinindi þriffin af þeim og þau sóttþreinsuð áður en farið er af bóúnu.
  - Ef notaður hefur verið eigin eða einnota hlífðarfatnaður skal fara úr honum áður en sest er inn í bílinn. Hann skal settur í poka í óhreina hluta bílsins. Einnota fatnað má líka skilja eftir á bóúnu, með samþykki umráðamanns.
- Tæki
  - Öll tæki sem notuð eru við eftirlit á bóúnu skulu þriffin og sóttþreinsuð fyrir komu á bóúð og að lokinni heimsókn.
  - Þar sem því verður við komið skulu tæki sem notuð eru við eftirlit varin gegn mengun t.d. með plastpoka.
  - Forðist að leggja tæki og búnað á gólfíð.
  - Þvúið og sóttþreinsið hendur oft til að draga úr mengun tækja sem notuð eru við eftirlitið.

- Umgengni
  - Forðist að snerta dýrin nema þegar það er nauðsynlegt vegna eftirlitsins.
  - Forðist snertingu við skít, eins og hægt er.
  - Forðist að ganga um fóðursvæði, eftir því sem við verður komist.
  
- Rusl
  - Einnota búnaður sem notaður hefur verið á búinu skal settur í ruslafötu eða ruslagám á búinu, eða í ruslapoka í bílnum. Nota skal einn poka fyrir hvert bú og loka honum áður en farið er af búinu.

---

## Eftir heimsókn

- Haldið skrá yfir dagsetningu og tímasetningu heimsókna þannig að auðvelt sé að sjá röð þeirra.
- Takið allt rusl úr bílnum og komið í viðeigandi förgun.
- Setjið fatnað í þvott eða hreinsun.
- Þvoið bíl að utan og innan eftir þörfum.